

ÁRSSKÝRSLA

HESTAMANNAFÉLAGSINS

*S*INDRA 2014





Ingangur

Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Sindra hefur um nokkurra ára skeið verið mjög metnaðarfullt og hefur nefndin lagt mikið upp úr því að öll félagsbörn frá 3ja ára til 18 ára finni sér viðburð við hæfi. Á marga af þessum viðburðum er ekki þörf á að koma með hesta enda horfum við til nýliðunar og viljum gefa börnum sem ekki eiga hross en hafa mikinn áhuga, tækifæri á að vera með í sportinu og fá að njóta félagsskaparins og viðburðanna. Stór liður í þessu eru reiðskólar Sindra sem hafa verið starfræktir af æskulýðsnefnd Sindra í fjölda ára en þar gefst öllum börnum kostur á að njóta samvista og útreiðatúra með hestunum sem félagið útvegar.

Hér verður greint frá helstu viðburðum sem æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sindra stóð fyrir starfsárið 2014

Í æskulýðsnefnd 2014 voru:

Vilborg Smáradóttir, form.

Hjördís Rut Jónsdóttir

Ásta Alda Árnadóttir

Jóna Þórey Árnadóttir

Þorsteinn Björn Einarsson

Skemmtikvöld og fyrirlestur

Starfsárið byrjaði á skemmtikvöldi á Ströndinni þann 7. Febrúar. Þar kynnti æskulýðsnefnd fyrir krökkunum fyrirhugað starf vetrarins og hvatti til þátttöku á viðburðum nefndarinnar og á mótum vetrarins. Veittar voru viðurkenningar fyrir árangur á síðasta hestaþingi Sindra og svo fengum við til okkar Heklu Katarínu Kristinsdóttur sem hélt stuttan fyrirlestur fyrir krakkana þar sem hún impraði á helstu atriðum sem hún ætlaði sér að leggja áherslu á í ár, en æskulýðsnefnd hafði samið við hana að taka að sér alla reiðkennslu sem æskulýðsnefndin stóð fyrir í ár. Eftir fyrirlesturinn fengu krakkarnir pizzur og gos frá Ströndinni.



Pollapepp

Pollapepp Sindra fór fram mánudaginn 2.mars.

Meðfylgjandi er fréttagreinin sem sett var inn á heimasíðuna okkar eftir það:

Við útbjuggum okkur hesta með sög, spýtum og böndum og nefndum þá eftir því sem að okkur hentaði. Síðan skelltum við okkur í útreiðartúr.

Þeir voru frekar viljugir af stað og hrektu sumir en fóru svo á öllum gangi.

Aðeins kíktum við "inní afrétt" að gá til kinda, gáfum þeim að éta og drekka og riðum svo heim á leið.

Heldur voru þeir viljugri á heimleiðinni en ekki datt nema einn af baki.

Eftir góðan útreiðartúr fengum við okkur rjómaþellur í tilefni dagsins.

Takk fyrir samveruna!



Æfingabúðir



Þar sem við höfum ekki yfir að ráða reiðhöll eða góðri aðstöðu til kennslu hópa, né heldur aðgang að lærðum kennurum í næsta nágrenni, höfum við undanfarin ár sett upp æfingabúðir heila helgi þar sem farið er með hross og börn einhvert þar sem aðstaða þykir hentug, leitumst við þá til þess að finna reiðhöll með aðstöðu fyrir hrossin alla helgina og helst sumarbústað fyrir krakkana að gista í. Í ár fengum við eins og áður kom fram Heklu Katarínu Kristinsdóttur til að kenna krökkunum, við gistum í sumarbústaði við Hellinn á Hellu en vorum með hrossin í Árbæjarhjáleigu og fengum einnig afnot af reiðhöllinni þar. Meðal þess sem gert var í æfingabúðum var: Kennsla á hverjum degi, uppsetning á sýningaratriði á Æskan og hesturinn 2014 og æfingar fyrir það, farið út að borða, grillað, spilað og spjallað, farið í sund og göngutúra. Æfingabúðirnar eru í algjöru upphaldi hjá flestum og er ótrúlegt að sjá hversu mikið krakkarnir læra á svona stuttum tíma.

Kennsla í vetur

Eftirfylgni við æfingabúðirnar okkar var reiðkennsla í þrjú skipti hjá Heklu með c.a. 3 vikna millibili, en með því móti gat Hekla fylgst með krökkunum og leiðbeint þeim áfram um ýmiss atriði sem betur mættu fara.

Sýningaratriði á Æskan og hesturinn 2014 og ævintýraferð Berlínafara

Æskulýðsnefnd Sindra var boðið að taka þátt á sýningunni Æskan og hesturinn 2014 og vera með sýningaratriði á sýningunni, það boð þáðum við með þökkum enda þótti okkur það afar spennandi. Áður höfum við verið búin að skipuleggja ferð þessa helgi til Reykjavíkur með Berlínarfara frá því í fyrra enda áttu þau enn eftir að eyða fjáröflunarpeningum sínum vegna heimsmeistaramótsferðarinnar. Ferðirnar voru því samtvinnnaðar og útkoman varð hin skemmtilegasta ævintýra ferð. Lagt var af stað snemma morgunns á laugardag frá Vík til Reykjavíkur með 4 hross og 10 unglinga,



fyrsta stopp var í Reiðhöllinni í Víðidal þar sem tekin var ein æfing fyrir sýninguna sem tókst stórvel, eftir sýninguna var hrossunum komið fyrir og þá mannskapnum á hóteli niðri í bæ. Þegar allir höfðu fengið úthlutað herbergi var stefnan tekin á hamborgarafabrikkuna þar sem snæddur var þriggjarétta kvöldverður í góðu tómi. Eftir kvöldverðinn var svo stefnan tekin á Skautahöllina í Laugardal enda höfum við fengið okkur miða á „Þeir allra sterkustu“, það varð hin mesta skemmtun og ekki skemmdi það fyrir að ein úr okkar hópi vann stærslu verðlaun happdrættis kvöldsins sem meðal annars innihélt folatoll undir Jarl frá Árbæjarhjáleigu, vikupassa á Landsmót hestamanna og fleira eftirsóknarvert. Á sunnudagsmorgun var svo haldið í Víðidalinn þar sem 4 unglingar sýndu sína vel æfðu sýningu og uppskáru mikið lof fyrir. Eftir sýninguna var svo brunað beinustu leið heim.

Páskabingó

Um Páskana stóð æskulýðsnefnd fyrir páskabingói sem opið var fyrir alla, vinningar voru að auðvitað páskaegg enda páskadagur í auglýsingu. Bingóið var liður í fjáröflun æskulýðsnefndarinnar og var bingóið vel sótt og tókst ljómandi vel.



Reiðskólar Sindra 2014

Reiðskólar Sindra voru haldnir að vanda í Vík og í Skálakoti þann 2. Júní til 7. Júní. Öllum börnum frá 6 ára aldri gefst kostur á að taka þátt í reiðskólum Sindra og njóta stunda með hestunum sem góðfúslega eru lánaðir til reiðskólanna af félagsmönnum hestamannafélagsins Sindra. Samtals voru um 95 börn í reiðskólunum báðum í ár og er stærstur hluti þeirra börn sem ekki hafa aðganga að hrossum að öðrum kosti. Það má því nærri geta hversu gefandi og skemmtileg þessi vika er þar sem þakklát börn fá þann draum sinn uppfylltan að hafa aðganga að hrossum í 1 klukkutíma á dag í heila viku.

Reiðskólasýning 2014

Það hefur verið til siðs að fagna lokum reiðskólans með reiðskólasýningu, þar gefst krökkunum sem verið hafa í skólanum færi á að sýna foreldrum og öðrum hversu klár þau eru orðin eftir vikuna. Hver og einn hópur fékk að sýna sitt atriði og voru sýningarnar allt frá því að vera sýning 6 ára barna á hæfileikum sínum til að stýra og stöðva hrossunum upp í flókna sýningu og jafnvel í stólaleik. Sýningin tóks með eindæmum vel og það voru stoltir foreldrar sem horfðu á krakkana sýna listir sínar.

Æskulýðsmót Sindra

Æskulýðsmót Sindra var haldið 10-11. Júní í ár, þar fléttum við saman leik og kennslu sem er miðuð að keppni á Hestaþingi Sindra sem haldið var helginni á eftir æskulýðsmóti. Slegið var upp tjaldbúðum og gist eina nótt, Hekla Katarína var fengin til þess að koma til okkar og kenna krökkunum á vellinum og móta sýningu hvers og eins. Við fórum í góðan reiðtúr í kringum Pétursey, spiluðum og fórum í leiki, svo var auðvitað grillað eins og í alvöru útilegu.

Kennsla fyrir landsmót

Í ár var landsmótsár og höfum við haft það til siðs að bjóða þeim sem unnið hafa sér inn rétt til að taka þátt á landsmóti kennslu í tvö skipti fyrir mótið, Hekla tók þá kennslu að sér og gerði með sóma eins og hennar er von og vísa.

Þátttaka í mótum

Krakkarnir okkar eru mjög virkir þátttakendur á mótum hestamannafélagsins, þau tókum m.a. þátt hér heima í:

Þemur vetrarmótum Sindra

Firmakeppni Sindra

Hestaþingi Sindra

Við áttum svo einnig nokkra fulltrúa á:

Vetrarmótum Sleipnis

Íþróttamóti Harðar

Gæðingakeppni Geysis –æfingamót

Íþróttamóti Sleipnis

Landsmóti hestamanna

Íslandsmóti yngri flokka

Unglingalandsmóti á Sauðárkróki

Stórmóti Geysis

Suðurlandsmóti yngri flokka á Hellu

Hestaþingi Kóps



Uppskeruhátíð

Að vanda verður uppskeruhátíð æskulýðsins í október, þar verður framreidd tveggja rétta máltíð, veitt tilnefning efnilegasta knapa ársins, veittar viðurkenningar fyrir árangur á hestaþingi Sindra í ár og haldnar umræður um starf æskulýðsnefndarinnar og hvernig krakkarnir sjá fyrir sér starf næsta ár.

Niðurlag

Við í æskulýðsnefnd Sindra erum mjög stolt af starfi okkar þetta árið sem og undanfarin ár. Við höfum einstaklega gaman af því að skipuleggja viðburði fyrir krakkana og finnst frábært að geta deilt áhugamáli okkar með þeim. Við sjáum nú þegar, að vinna okkar síðustu ár hefur skilað sér í mjög frambærilegum keppendum í unglingsflokkum sem eru að ná góðum einkunum bæði á mótum félagsins og öðrum mótum, reyndar er það þannig að oftar en ekki eru þau í verðlaunasætum á mótunum sem þau eru að taka þátt í utan félagsins.

Þá er enn eitt starfsárið að enda en okkur hlakkar til að takast á við fleiri gefandi og skemmtileg verkefni á því næsta.

Með kveðju

Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sindra 2014